

I EES-STOFNANIR**1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

99/EES/33/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/98 frá 30. október 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	1
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1798/96 frá 17. september 1996 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu	2
99/EES/33/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/98 frá 30. október 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	6
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/97 frá 4. febrúar 1997 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu	7
99/EES/33/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/98 frá 30. október 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	10
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB frá 8. maí 1996 um að koma á fót skrá og sameiginlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara	11
99/EES/33/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/98 frá 30. október 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	13
	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 179/98 frá 23. janúar 1998 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekju-farþegaferjum	14
99/EES/33/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/98 frá 30. október 1998 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn	27
	Tilskipun ráðsins 97/81/EB frá 15. desember 1997 um rammasamninginn um hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að	28

	Tilskipun ráðsins 98/23/EB frá 7. apríl 1998 um útvíkkun á tilskipun 97/81/EB um rammasamninginn um hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að	35
99/EES/33/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/98 frá 30. október 1998 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	36
	Tilskipun ráðsins 98/20/EB frá 30. mars 1998 um breytingu á tilskipun 92/14/EBE um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988)	37
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	II □ EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III □ EB-STOFNANIR	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
99/EES/33/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1601 – AlliedSignal/Honeywell)	43
99/EES/33/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1631 – Suez Lyonnaise/Nalco)	44
99/EES/33/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1449 – Sabena/Snecma)	45
99/EES/33/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1496 – Olivetti/Telecom Italia)	45
99/EES/33/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1516 – Thomson-CSF/Eurocopter)	46
99/EES/33/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1569 – Gränges/Norsk Hydro)	46
99/EES/33/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1539 – CVC/Danone/Gerresheimer)	47
99/EES/33/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1629 – Knorr Bremse/Mannesmann)	48
99/EES/33/15	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1637 – DB Investment/SPP/Öhman)	49

99/EES/33/16	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1527 – Otto Versand/Freemans)	50
99/EES/33/17	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 14/99 (áður NN 1/99) - Frakkland	50
99/EES/33/18	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 18/99 (áður NN 16/99) - Þýskaland	51
99/EES/33/19	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 22/99 (áður NN 117/98) - Spánn	51
99/EES/33/20	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 2/97 (áður N 854/95) - Holland	52
99/EES/33/21	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17 ⁽¹⁾ varðandi beiðni um endurnýjun á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. júlí 1989 um að veita undanþágu samkvæmt 3. mgr. 81. gr. sáttmálans - (Mál nr. IV/C.2/30.566 – UIP Cinema)	52
99/EES/33/22	Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingar fyrirtækja frá 57. fundi hennar 23. október 1998 um fyrstu drög að ákvörðun um mál nr. IV/M.1157 – Skanska/Scancem	52
99/EES/33/23	Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingar fyrirtækja frá 59. fundi hennar 19. janúar 1999 um fyrstu drög að ákvörðun um mál nr. IV/M.969 – A.P. Møller	53
99/EES/33/24	Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 21.6. til 2.7.1999	53

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

99/EES/33/01

nr. 100/98
frá 30. október 1998

um breytingu á II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/98 frá 25. september 1998⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1798/96 frá 17. september 1996 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 R 1798:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1798/96 frá 17. september 1996 (Stjtið. EB L 236, 18.9.1996, bls. 23).“

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1798/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. október 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 30. október 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

N. v. Liechtenstein

(¹) Stjtið. EB L 189, 22.7.1999, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 22.7.1999, bls. 79

(²) Stjtið. EB L 236, 18.9.1996, bls. 23.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1798/96**frá 17. september 1996****um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1742/96 ⁽²⁾, einkum 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksmagn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýralyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarksmagn leifa fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarksmagni dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlitið með lyfjaleifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í markvefnum lifur eða nýra. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Lögd hafa verið fram vísindaleg gögn sem lúta að öryggi og lyfjaleifum en þau þóttu ekki nægja til að ljúka mætti mati á albendasóli, þíamfeníkóli, oxíbensasóli, flúbendasóli og asaperóni í því skyni að unnt yrði að bæta þessum efnum við I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2377/90.

Viðbótarupplýsingar hafa verið lagðar fram varðandi albendasól, þíamfeníkól, oxíbensasól, flúbendasól og asaperón. Svo að unnt sé að ljúka vísindalegum rannsóknum, sem unnið er að, ætti að framlengja gildistíma bráðabirgðagilda fyrir hámarksmagn leifa, sem áður hefur verið kveðið á um í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 fyrir fyrrnefnd efni.

Fresta skal gildistöku þessarar reglugerðar um 60 daga svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á leyfum sem hafa verið veitt til að markaðssetja viðkomandi dýralyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE ⁽⁴⁾.

Ráðstafanimar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sextugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 236, 18.9.1996, bls. 23, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/98 frá 30. október 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 226, 7. 9. 1996, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. september 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf
- 1.2 Sýklalyf
- 1.2.3. Þíamfeníkól og skyld efni

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarks magn leifa	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.3.1. Þíamfeníkól	Þíamfeníkól	Nautgripir, alifuglar	40 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgðagildi fyrir hámarks magn leifa falla úr gildi 1. 1. 1998“

2. Sníklalyf
- 2.1. Útsníklalyf
- 2.1.1. Bensímídasól- og pró-bensímídasólsambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarks magn leifa	Markvefur	Önnur ákvæði
„2.1.1.4. Albendasól	Summa albendasóls og umbrotsefna mæld sem 2-aminó-bensímídasólsúlfón	Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Vöðvi, fita, mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir hámarks magn leifa falla úr gildi 1. 1. 1998
			500 µg/kg	Nýra	
			1 000 µg/kg	Lifur	
2.1.1.7 Flúbendasól	Flúbendasól	Alifuglar og villtir fuglar	500 µg/kg	Lifur	Bráðabirgðagildi fyrir hámarks magn leifa falla úr gildi 1. 1. 1998
			200 µg/kg	Vöðvi	
			400 µg/kg	Egg	
		Svín	10 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarks­magn leifa	Markvefur	Önnur ákvæði
2.1.1.8 Oxí­bendasól	Oxí­bendasól	Nautgripir, sauðfé, svín, hófdýr	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgðagildi fyrir hámarks­magn leifa falla úr gildi 1. 1. 1998“
		Nautgripir, sauðfé	50 µg/kg	Mjólk	

3. Lyf sem hafa áhrif á taugakerfið

3.1. Lyf sem hafa áhrif á miðtaugakerfið

3.1.1. Róandi lyf sem innihalda bútýrófenón

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarks­magn leifa	Markvefur	Önnur ákvæði
„3.1.1.1 Asaperón	Asaperól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	100 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir hámarks­magn leifa falla úr gildi 1. 1. 1998“
			50 µg/kg	Lifur, vöðvi, fita	

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**99/EES/33/02****nr. 101/98
frá 30. október 1998****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/98 frá 25. september 1998⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/97 frá 4. febrúar 1997 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 R 0211:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/97 frá 4. febrúar 1997 (Stjtið. EB L 35, 5.2.1997, bls. 1).“

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. október 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 30. október 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

N. v. Liechtenstein

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 189, 22.7.1999, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 22.7.1999, bls. 79.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 35, 5.2.1997, bls. 1.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 211/97**frá 4. febrúar 1997****um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90
þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn
leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu(*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu, eins og henni var síðast breytt með reglugerð⁽¹⁾ framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 17/97⁽²⁾, einkum 6., 7. og 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksmagn leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýralyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Ekki skal ákvarða hámarksmagn leifa fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif leifanna á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarksmagni dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem má vera í hverjum viðkomandi kjötvef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef) og hvaða eiginleikar leifanna skipta máli við eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlitið með lyfjaleifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í markvefnum lifur eða nýra. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Bæta ber sómatósalmi við II. viðauka við reglugerð (EBE)

nr. 2377/90.

Fresta skal gildistöku þessarar reglugerðar um 60 daga svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á leyfum sem hafa verið veitt til að markaðssetja viðkomandi dýralyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE⁽⁴⁾.

Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2377/90, hafa drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal verið lögð fyrir nefndina um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með dýralyf. Nefndin hefur ekki séð sér fært að skila álit. Það hefur því fallið framkvæmdastjórninni í skaut að leggja fyrir ráðið tillögu að þeim ráðstöfunum sem gera skal.

Ráðið hefur hvorki fallist á né hafnað með einföldum meirihluta fyrirhuguðum ráðstöfunum á þeim þremur mánuðum sem það hefur haft til þess. Framkvæmdastjórninni ber því að samþykkja umræddar ráðstafanir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sextugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 35, 5.2.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/98 frá 30. október 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 5, 9. 1. 1997, bls. 12.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

II viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

2. Lífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
„2.84. Sómatósalm	Lax“	

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**99/EES/33/03****nr. 102/98
frá 30. október 1998****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/98 frá 29. maí 1998⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB frá 8. maí 1996 um að koma á fót skrá og sameiginlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 9. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„10. **396 D 0335:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB frá 8. maí 1996 um að koma á fót skrá og sameiginlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara (Stjtið. EB L 132, 1.6.1996, bls. 1).“

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/335/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. október 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 30. október 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

N. v. Liechtenstein

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 227.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 132, 1.6.1996, bls. 1.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 8. maí 1996****um að koma á fót skrá og sameiginlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara(*)****(96/335/EB)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/34/EB⁽²⁾, einkum 5. gr. a og 2. mgr. 7. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefnd um februnarfærðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Skráin yfir innihaldsefni snyrtivara skal skiptast í þátt um hráefni sem gefa ilm og bragð og þátt um önnur efni.

Í skránni skulu koma fram upplýsingar um auðkenni hvers innihaldsefnis, einkum efnaheiti þess, heiti samkvæmt INCI (áður CTFA), evrópsku lyfjaskránni (Ph. Eur.), INN og IUPAC, EINECS-/ELINCS- og CAS-númer og númer þess í litaskránni Colour Index (CI), almenna heitið, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 76/768/EBE, svo og hlutverk innihaldsefnisins og, eftir því sem við á, takmarkanir, notkunarreglur og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann.

Skráin veitir nauðsynlegar upplýsingar um innihaldsefni snyrtivara en auk þess verður að skoða hana í samhengi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 76/768/EBE þar sem þess er krafist að á vörinni og/eða umbúðum hennar komi fram tilætluð notkun vörunnar og listi yfir innihaldsefni hennar og gildir þetta um snyrtivörur sem eru markaðssettar frá og með 1. janúar 1997.

Skráin, sem lögð er til, verður að vera nægilega ítarleg til að unnt sé að gefa upp innihaldsefni snyrtivara á merkimiðum þeirra.

Skráin er þó aðeins til leiðbeiningar og gildir ekki sem skrá yfir efni sem heimilt er að nota í snyrtivörur.

Hún skal uppfærð reglulega.

Sameiginlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni gerir það kleift að auðkenna hvert innihaldsefni með einu heiti í öllum aðildarríkjunum, en þannig eiga neytendur auðvelt með að bera kennsl á efni sem þeim hefur verið ráðlagt að forðast (t.d. vegna ofnæmis), hvar sem þeir kaupa snyrtivörur í bandalaginu.

INCI-heitin (International Nomenclature Cosmetic Ingredient: alþjóðlegt nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara) komast næst því að uppfylla þessar kröfur þar eð þau eru tiltölulega einföld og eru auk þess þegar í notkun á alþjóðavettvangi.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með snyrtivörur.

ÁKVEDUR EFTIRFARANDI:

1. gr.

Skráin yfir innihaldsefni snyrtivara, sem kveðið er á um í 5. gr. a í tilskipun 76/768/EBE, er samþykkt í því formi sem hún birtist í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 132, 1.6.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/98 frá 30. október 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

(2) Stjtið. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 19.

2. gr.

INCI-heitin í skránni gilda sem sameiginlegt nafnakerfi að því er varðar 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 76/768/EEB.

Gjört í Brussel 8. maí 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Emma BONINO

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur í Stjtið. EB nr. L 132, 1.6.1996.]

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**99/EES/33/04****nr. 103/98
frá 30. október 1998****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/98 frá 30. apríl 1998⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 179/98 frá 23. janúar 1998 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekju-farþegaferjum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi bætist við í lið 56c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 R 0179:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 179/98 frá 23. janúar 1998 (Stjtið. EB L 19, 24.1.1998, bls. 35).“

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 179/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 30. október 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

N.v. Liechtenstein

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 19 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 244.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 19, 24. 1. 1998, bls. 35.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 179/98**frá 23. janúar 1998****um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekju-farþegaferjum(*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekju-farþegaferjum (1), einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 er kveðið á um að félögum og aðildarríkjum beri að fylgja ákvæðum alþjóðareglna um öryggisstjórnun skipa sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) samþykkti með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993 með tilliti til ekjuferja sem eru í siglingum til eða frá höfnum aðildarríkja bandalagsins.

Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 23. nóvember 1995, með ályktun A.788(19), viðmiðunarreglur fyrir stjórnvöld um beitingu alþjóðareglna um öryggisstjórnun skipa (ISM), í því skyni að tryggja samræmda framkvæmd þeirra.

Nauðsynlegt er að taka mið af framvindu á alþjóðavettvangi með því að samþykkja nákvæmar reglur um útgáfu bráðabirgðaskjala og -skírteina og fyrirmyndir að ISM-skjölum og -skírteinum og einnig nokkra staðla um fyrirkomulag ISM-vottunar.

Rétt er að tryggja að gildi tiltekinna skjala og skírteina, sem þegar hafa verið gefin út, haldist óbreytt.

Breyta ber reglugerð (EB) nr. 3051/95 í samræmi við það.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í reglugerð þessari eru í samræmi

við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE (2), eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/34/EB (3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 3051/95:

1. Eftirfarandi komi í stað d-liðar 2. gr.:

„d) „viðurkennd stofnun“: aðili sem fengið hefur viðurkenningu í samræmi við ákvæði tilskipunar 94/57/EB, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB(*).

(*) Stjtið. EB L 274, 7. 10. 1997, bls. 8.“

2. Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún gildir frá 1. júlí 1998.

Samræmisskjöl og öryggisstjórnunarskírteini, sem stjórnvöld og viðurkenndar stofnanir gefa út fyrir 1. júlí 1988, skulu gilda áfram uns gildistími þeirra er útrunninn.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 19, 24.1.1998, bls. 35, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/98 frá 30. október 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB L 320, 30. 12. 1995, bls. 14.

(2) Stjtið. EB L 247, 5. 10. 1993, bls. 19.

(3) Stjtið. EB L 158, 17. 6. 1997, bls. 40.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 3051/95:

- a) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„A-hluti

ALÞJÓÐAREGLUR UM ÖRYGGISSTJÓRNUN SKIPA OG MENGUNARVARNIR
(ALÞJÓÐAREGLUR UM ÖRYGGISSTJÓRNUN SKIPA (ISM))”

- b) Eftirfarandi B-hluti bætist við:

„B-hluti⁽¹⁾

ÁKVÆÐI SEM STJÓRNVÖLDUM BER AÐ FARA EFTIR AÐ ÞVÍ ER VARDAR
FRAMKVÆMD ALÞJÓÐAREGLNA UM ÖRYGGISSTJÓRNUN SKIPA (ISM)

1. ÚTGÁFA OG GILDI SAMRÆMISSKJALA OG ÖRYGGISSTJÓRNUNARSKÍRTEINA**1.1. Skilgreiningar**

- a) „Öryggisstjórnunarkerfi (SMS)“: skipulagt og skjalfest kerfi sem gerir starfsmönnum skipafélags kleift að framkvæma stefnu félagsins í öryggis- og umhverfisverndunarmálum með skilvirkum hætti.
- b) „Úttekt á öryggisstjórnun“: kerfisbundin og sjálfstæð rannsókn til þess að skera úr um hvort öryggisstjórnunarkerfið starfi og skili árangri samkvæmt fyrir fram ákveðnu skipulagi og hvort framkvæmd skipulagsins sé með skilvirkum hætti og það hæfi settum markmiðum.
- c) „Athugasemd“: yfirlýsing byggð á staðreyndum, gefin meðan á úttekt á öryggisstjórnun stendur og studd hlutlægum sönnunargögnum.
- d) „Hlutlæg sönnunargögn“: tölulegar eða efnislegar upplýsingar, skýrslur eða yfirlýsingar byggðar á staðreyndum sem lúta að öryggi eða tilvist og framkvæmd grunnþáttar öryggisstjórnunarkerfis, byggðar á athugunum, mælingum eða prófunum og sem unnt er að færa sönnur á.
- e) „Frávik“: aðstæður sem hafa verið kannaðar og þar sem hlutlæg sönnunargögn benda til þess að sértilgreind krafa sé ekki uppfyllt.
- f) „Gróft frávik“: greinilegt frávik sem er alvarleg ógnun við öryggi áhafnar og skips eða skapar alvarlega umhverfishættu og ber að leiðrétta án tafar; að auki telst það vera gróft frávik ef krafa samkvæmt ISM-reglunum er ekki uppfyllt með skilvirkum og kerfisbundnum hætti.
- g) „Bráðabirgðasamræmisskjal“: skjal sem er gefið út fyrir skipafélög í samræmi við lið 1.2.
- h) „Bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini“: skírteini sem er gefið út fyrir ekjuferjur í samræmi við lið 1.3.

1.2. Bráðabirgðasamræmisskjal

1.2.1. Stjórnvaldi er aðeins heimilt að gefa út bráðabirgðasamræmisskjal fyrir skipafélag:

1. ef félagið hefur verið stofnað nýlega; eða
2. þegar félagið ber í fyrsta sinn ábyrgð á rekstri ekjuferju sem samræmisskjal, sem félagið er þegar handhafi að, gildir ekki um.

⁽¹⁾ Skoða ber ákvæðin, sem eru sett í B-hluta, sem óaðskiljanlegan hluta af samsvarandi hlutum ISM-regnanna sem settar eru fram í A-hluta.

1.2.2. Áður en viðkomandi stjórnvald gefur út bráðabirgðasamræmisskjal skal það sannprófa að í viðkomandi skipafélagi sé í gildi öryggisstjórnunarkerfi, sem uppfyllir ákvæði liðar 1.2.3 í ISM-reglunum, og einnig áætlun um framkvæmd öryggisstjórnunarkerfis sem uppfyllir kröfur samkvæmt ISM-reglunum á gildistíma bráðabirgðasamræmisskjalsins.

1.2.3. Bráðabirgðasamræmissjalið skal gilda lengst í 12 mánuði.

1.3. Bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini

1.3.1. Stjórnvaldi er einungis heimilt að gefa út bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini fyrir ekjuferju þegar:

1. ekjuferjan er tekin í notkun í fyrsta sinn eftir að smíði hennar lýkur eða eftir breytingu sem hefur í för með sér að um breytta gerð er að ræða;
2. rekstur ekjuferjunnar flyst til og verður á ábyrgð skipafélags sem er rekstri viðkomandi ekjuferju óviðkomandi fram að því;
3. ekjuferjan skiptir um fánaríki.

1.3.2. Áður en viðkomandi stjórnvald gefur út bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini skal það sannprófa hvort:

1. skipafélagið, sem rekur ekjuferjuna, sé handhafi gilds samræmisskjals eða bráðabirgðasamræmisskjals fyrir hana;
2. öryggisstjórnunarkerfið, sem skipafélagið lætur í té fyrir ekjuferjuna, innihaldi helstu grunnþætti ISM-reglnanna og hafi verið metið við úttekt vegna útgáfu samræmisskjalsins eða kynnt vegna útgáfu bráðabirgðasamræmisskjalsins;
3. skipstjórinn og viðkomandi ædstu yfirmenn þekki öryggisstjórnunarkerfið og fyrir fram ákveðið skipulag því til framkvæmdar;
4. búið sé að gefa þau fyrirmæli sem talið er nauðsynlegt að séu gefin áður en siglt er;
5. fyrir liggi áætlanir um úttekt skipafélagsins á ekjuferjunni innan þriggja mánaða; og
6. viðeigandi upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfið séu veittar á vinnutungumáli eða -málum sem áhöfn ekjuferjunnar skilur.

1.3.3. Bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteinið skal gilda lengst í sex mánuði. Hafi verið gefið út bráðabirgðasamræmisskjal fyrir viðkomandi skipafélag, en ekki gilt samræmisskjal fyrir ekjuferjuna enn sem komið er, skal heimilt að framlengja gildistíma þess, þó ekki lengur en um sex mánuði frá þeim degi þegar skírteinið rann fyrst út.

1.4. Samþykki og viðurkenning bráðabirgðasamræmisskjals og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteinis

1.4.1. Sérhvert aðildarríki skal samþykka bráðabirgðasamræmisskjal og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini sem eru í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og stjórnvald í öðru aðildarríki eða viðurkennd stofnun í umboði þess gefur út.

1.4.2. Aðildarríki skal viðurkenna bráðabirgðasamræmisskjal og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini, sem stjórnvöld í þriðju löndum gefa út eða eru gefin út í umboði þeirra, ef það hefur gengið úr skugga um að þau séu í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

1.5. Afturköllun samræmisskjals og öryggisstjórnunarskírteinis

- 1.5.1. Stjórnvald sem gefur út samræmisskjal skal afturkalla það ef ljóst er að um gróft frávik er að ræða frá ISM-reglunum. Einnig ber að ógilda og afturkalla öryggisstjórnunarskírteinin sem tengjast samræmisskjalinu.
- 1.5.2. Stjórnvald sem gefur út öryggisstjórnunarskírteini skal afturkalla það ef ljóst er að um gróft frávik er að ræða frá ISM-reglunum.

2. VOTTUNARAÐFERÐ

- 2.1. Beita ber vottunaraðferðinni, sem við á þegar gefa á út samræmisskjal fyrir skipafélag og öryggisstjórnunarskírteini fyrir ekjuferju, í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram hér að aftan.

- 2.2. Vottunaraðferðin felst að öllu jöfnu í eftirtöldum þrepum:

1. fyrsta sannprófun;
2. reglubundin sannprófun eða millisannprófun; og
3. endurnýjunarsannprófun.

Þessar sannprófanir eru gerðar að beiðni skipafélagsins fyrir viðkomandi stjórnvald eða viðurkennda stofnun sem starfar í umboði stjórnvaldsins.

- 2.3. Í sannprófuninni skal felast úttekt á öryggisstjórnuninni.
- 2.4. Útnefna ber yfirúttektarmann og, ef við á, hóp úttektarmanna til þess að annast úttektina.
- 2.5. Útnefndi yfirúttektarmaðurinn skal starfa með skipafélaginu og leggja fram úttektaráætlun.
- 2.6. Semja ber úttektarskýrslu undir stjórn yfirúttektarmannsins sem ábyrgist að hún sé nákvæm og fullnægjandi.
- 2.7. Í úttektarskýrslunni komi fram úttektaráætlun, hverjir mynda hóp úttektarmanna, dagsetningar og um hvaða skipafélag er að ræða, skýrslur um allar athugasemdir og frávik og athugasemdir um skilvirkni öryggisstjórnunarkerfisins með tilliti til þeirra tilteknu markmiða sem stefnt er að.

3. STJÓRNUNARKRÖFUR

- 3.1. Úttektarmenn eða hópur úttektarmanna, sem annast sannprófun á því hvort ISM-reglurnar séu virtar, skulu vera hæfir með tilliti til:
 1. þess að tryggja að farið sé að lögum og reglum, meðal annars að því er varðar útgáfu vottorða fyrir sjófarendur á ekjuferjum sem skipafélagið rekur;
 2. starfsemi á sviði viðurkenningar, skoðunar og vottunar siglingaskírteina;
 3. þeirra viðmiðana sem taka ber tillit til samkvæmt öryggisstjórnunarkerfinu eins og ISM-reglurnar mæla fyrir um; og
 4. hagnýtrar reynslu af rekstri skipa.
- 3.2. Þegar sannprófa á hvort ákvæðum ISM-reglnanna sé fylgt skal ganga úr skugga um að starfsmenn, sem láta í té þjónustu á sviði ráðgjafar, séu óháðir þeim sem starfa við vottunina.

4. **HÆFNISKRÖFUR**
- 4.1. **Grunnkröfur sem ber að uppfylla til þess að teljast hæfur til að framkvæma sannprófun**
- 4.1.1. Starfsmenn, sem taka þátt í því að sannprófa hvort kröfur ISM-reglnanna séu uppfylltar, skulu fullnægja lágmarksviðmiðunum, sem gilda um skoðunarmenn, eins og mælt er fyrir um í 2. lið VII. viðauka við tilskipun ráðsins 95/21/EB⁽¹⁾.
- 4.1.2. Þeir skulu hafa fengið þjálfun sem tryggir að þeir séu hæfir til þess að sannprófa hvort kröfur samkvæmt ISM-reglunum séu uppfylltar, einkum með tilliti til:
1. þekkingar og skilnings á ISM-reglunum;
 2. lögboðinna reglna og reglugerða;
 3. þeirra viðmiðana sem ISM-reglurnar mæla fyrir um að skipafélögum beri að fara eftir;
 4. matsaðferða við rannsóknir, fyrirspurnir, matsgerð og skýrslugerð;
 5. tæknilegra og rekstrarlegra þátta öryggisstjórnunar;
 6. grundvallarþekkingar á siglingum og starfsemi um borð; og
 7. þátttöku í að minnsta kosti einni úttekt á öryggisstjórnun sem tengist siglingum.
- 4.2. **Kröfur sem ber að uppfylla til þess að teljast hæfur til að framkvæma fyrstu sannprófun og endurnýjunarsannprófun**
- 4.2.1. Til þess að unnt sé að meta að fullu hvort viðkomandi skipafélag eða ekjuferja uppfylli kröfur samkvæmt ISM-reglunum, til viðbótar grunnkröfunum sem settar eru fram hér að framan, skulu starfsmenn, sem eiga að framkvæma fyrstu sannprófun og endurnýjunarsannprófun vegna samræmisskjals og öryggisstjórnunarskírteinis, vera hæfir til þess að:
1. segja til um hvort þættir öryggisstjórnunarkerfisins (SMS) samræmist kröfunum, sem settar eru fram í ISM-reglunum, eða ekki;
 2. segja til um hvort öryggisstjórnunarkerfi viðkomandi skipafélags eða ekjuferju sé nægilega skilvirkt til þess að tryggja að farið sé að reglum og reglugerðum með skírskotun til lögboðinna skoðunarskýrsla og skoðunarskýrsla vegna flokkunar;
 3. meta að hve miklu leyti öryggisstjórnunarkerfið tryggir að farið sé að öðrum reglum og reglugerðum sem fyrrnefndar skoðunarskýrslur taka ekki til og að sannprófun þess að farið sé að þessum reglum og reglugerðum geti farið fram; og
 4. meta hvort tekið hafi verið mið af þeim öruggu vinnureglum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO), stjórnvöld, flokkunarfélög og siglingastofnanir mæla með.
- 4.2.2. Ef hópur starfsmanna uppfyllir sem heild allar settar hæfniskröfur telst hæfniskröfunum fullnægt.


⁽¹⁾ Stjóttíð. EB L 157, 7. 7. 1995, bls. 1.

5. **FYRIRMYNDIR AÐ SAMRÆMISSKJÖLUM OG ÖRYGGISSTJÓRNUNARSKIRTEINUM**

Útbúa ber samræmisskjalið, öryggisstjórnunarskírteinið, bráðabirgðasamræmisskjalið og bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteinið samkvæmt þeim fyrirmyndum sem eru settar fram hér á eftir.

Heimilt er að strika út tilvísanir til alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) þegar fyrrnefndar fyrirmyndir eru notaðar fyrir skipafélög og ekjuferjur sem eru aðeins starfrækt í einu aðildarríki.

SAMRÆMISSKJAL



(Opinbert merki)

.....

(ríki)

Gefið út samkvæmt ákvæðum [alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum, og]⁽¹⁾ reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekju-farþegaferjum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar:

(ríki)

af:

(þar til bær einstaklingur eða stofnun)

Nafn og heimilisfang skipafélags:

.....

(sjá lið 1.1.2 í ISM-reglunum)

HÉR MED VOTTAST að gerð hefur verið úttekt á öryggisstjórnunarkerfi skipafélagsins og að það uppfyllir kröfur samkvæmt alþjóðareglum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-reglunum) að því er varðar þær gerðir skipa sem taldar eru upp hér að aftan (strikist út þar sem við á):


- Farþegaskip
- Háhraðaför sem flytja farþega
- Háhraðaför til vöruflutninga
- Búlkaskip
- Olíuflutningaskip
- Efnaflutningaskip
- Gasflutningaskip
- Færanlegar haffærar boreiningar
- Önnur vöruflutningaskip
- Ekjufarþegaferjur

Samræmisskjal þetta gildir til, með fyrirvara um reglubundna sannprófun.

Gefið út í:

(útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:



.....

(undirskrift þar til bærs embættismanns sem gefur skjalið út)

(Merki eða stimpill útgáfufyrirvalds,
eftir því sem við á)

⁽¹⁾ Heimilt er að strika út ef um er að ræða skip sem aðeins eru í förum innan eins aðildarríkis.

ÁRITUN VEGNA ÁRLEGRARSANNPRÓFUNAR

HÉR MED VOTTAST að við reglubundna sannprófun í samræmi við [6. reglugerð í IX. kafla í samningnum og]⁽¹⁾ 3. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 reyndist öryggisstjórnunarkerfið vera í samræmi við kröfur samkvæmt ISM-reglunum.

Fyrsta árlega sannprófun

Undirskrift:
(undirskrift þar til bærs embættismanns)

Staður:

Dagsetning:

Önnur árlega sannprófun

Undirskrift:
(undirskrift þar til bærs embættismanns)

Staður:

Dagsetning:

Þriðja árlega sannprófun

Undirskrift:
(undirskrift þar til bærs embættismanns)

Staður:

Dagsetning:

Fjórdá árlega sannprófun


Undirskrift:
(undirskrift þar til bærs embættismanns)

Staður:

Dagsetning:

⁽¹⁾ Heimilt er að strika út ef um er að ræða skip sem aðeins eru í förum innan eins aðildarríkis.

ÖRYGGISSTJÓRNUNARSKÍRTEINI



(Opinbert merki)

.....
(ríki)

Gefið út samkvæmt ákvæðum [alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum, og]⁽¹⁾ reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekju-farþegaferjum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar:
(ríki)

af:
(þar til bær einstaklingur eða stofnun)

Nafn skips:

Einkennistala eða -bókstafir:

Skrásetningarhöfn:

Gerð skips⁽²⁾:

Brúttórúmllestir:

IMO-númer:

Nafn og heimilisfang skipafélags:


.....
(sjá lið 1.1.2 í ISM-reglunum)

HÉR MED VOTTAST að gerð hefur verið úttekt á öryggisstjórnunarkerfi skipsins og að það uppfyllir kröfur samkvæmt alþjóðareglum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-reglnanna) að undangenginni sannprófun á því að samræmisskjal fyrir skipafélagið gildir að því er varðar þessa gerð skipa.

Öryggisstjórnunarskírteini þetta gildir til:
með fyrirvara um reglubundna sannprófun og að samræmisskjalið sé í gildi.

Gefið út í:
(útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:

.....
(undirskrift þar til bær embættismanns sem gefur skjalið út)

(Merki eða stimpill útgáfufyrirvalds,
eftir því sem við á)

⁽¹⁾ Heimilt er að strika út ef um er að ræða skip sem aðeins eru í förum innan eins aðildarríkis.

⁽²⁾ Hér á að færa inn eina af eftirfarandi gerðum skipa: Farþegaskip, háhraðaför sem flytja farþega, háhraðaför til vöruflytinga, búlkaskip, oliuflytingaskip, efnaflutningaskip, gasflutningaskip, færanlegar haffærar boreiningar, önnur vöruflytingaskip, ekjufarþegaferjur.

**ÁRITUN VEGNA REGLUBUNDINNAR SANNSPRÓFUNAR OG VIÐBÓTARSANNSPRÓFUNAR
(ef hennar er krafist)**

HÉR MED VOTTAST að við reglubundna sannsprófun í samræmi við [6. reglugerð í IX. kafla í samningnum og]⁽¹⁾ 4. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 reyndist öryggisstjórnunarkerfið vera í samræmi við kröfur samkvæmt ISM-reglunum.

Millisannsprófun

(sem ljúka ber milli annarrar og þriðju árlegu sannsprófunar)

Undirskrift:
(undirskrift þar til bærs embættismanns)

Staður:

Dagsetning:

Viðbótarsannsprófun ⁽²⁾

Undirskrift:
(undirskrift þar til bærs embættismanns)

Staður:

Dagsetning:

Viðbótarsannsprófun ⁽²⁾

Undirskrift:
(undirskrift þar til bærs embættismanns)

Staður:

Dagsetning:

Viðbótarsannsprófun ⁽²⁾

Undirskrift:
(undirskrift þar til bærs embættismanns)


Staður:

Dagsetning:

⁽¹⁾ Heimilt er að strika út ef um er að ræða skip sem aðeins eru í förum innan eins aðildarríkis.

⁽²⁾ Ef við á.

BRÁÐABIRGÐASAMRÆMISSKJAL



(Opinbert merki)

.....

(ríki)

Gefið út samkvæmt ákvæðum [alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum, og]⁽¹⁾ reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekju-farþegaferjum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar:

(ríki)

af:

(þar til bær einstaklingur eða stofnun)

Nafn og heimilisfang skipafélags:

.....

(sjá lið 1.1.2 í ISM-reglunum)

HÉR MED VOTTAST að gerð hefur verið úttekt á öryggisstjórnunarkerfi skipafélagsins og að það uppfyllir kröfur samkvæmt lið 1.2.3 í alþjóðareglum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-reglunum) að því er varðar þær gerðir skipa sem taldar eru upp hér að aftan (strikist út þar sem við á):


- Farþegaskip
- Háhraðaför sem flytja farþega
- Háhraðaför til vöruflutninga
- Búlkaskip
- Olíuflutningaskip
- Efnaflutningaskip
- Gasflutningaskip
- Færanleg haffær boreining
- Önnur vöruflutningaskip
- Ekjufarþegaferjur

Bráðabirgðasamræmisskjal þetta gildir til:með fyrirvara um reglubundna sannprófun.

Gefið út í:

(útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:




.....

(undirskrift þar til bær embættismanns sem gefur skjalið út)

(Merki eða stimpill útgáfufyrivalds, eftir því sem við á)

⁽¹⁾ Heimilt er að strika út ef um er að ræða skip sem aðeins eru í förum innan eins aðildarríkis.

BRÁÐABIRGÐAÖRYGGISSTJÓRNUNARSKÍRTEINI



(Opinbert merki)

.....
(ríki)

Gefið út samkvæmt ákvæðum [alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum, og]⁽¹⁾ reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 um öryggisstjórnun á ekju-farþegaferjum

Samkvæmt heimild ríkisstjórnar:
(ríki)

af:
(þar til bær einstaklingur eða stofnun)


Nafn skips:
Einkennistala eða -bókstafir:
Skrásetningarhöfn:
Gerð skips⁽²⁾:
Brúttórúmllestir:
IMO-númer:
Nafn og heimilisfang skipafélags:
.....
(Sjá lið 1.1.2 í ISM-reglunum)

HÉR MED VOTTAST að öryggisstjórnunarkerfi skipsins er í samræmi við ákvæði [liða 3.3.4 og 3.3.5 í viðmiðunarreglunum fyrir stjórnvöld um beitingu alþjóðareglna um öryggisstjórnun skipa (ISM-reglanna) og]⁽¹⁾ liða 1.3.2 og 1.3.3 í B-hluta í viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95.

Bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteini þetta gildir til:

Gefið út í:
(útgáfustaður skjalsins)

Útgáfudagur:

.....
(undirskrift þar til bær embættismanns sem gefur skjalið út)


(Merki eða stimpill útgáfufyrivalds,
eftir því sem við á)

⁽¹⁾ Heimilt er að strika út ef um er að ræða skip sem aðeins eru í förum innan eins aðildarríkis.

⁽²⁾ Hér á að færa inn eina af eftirfarandi gerðum skipa: Farþegaskip, háhraðaför sem flytja farþega, háhraðaför til vöruflutninga, bulkaskip, oliuflutningaskip, efnaflutningaskip, gasflutningaskip, færanlegar haffærar boreiningar, önnur vöruflutningaskip, ekjufarþegaferjur.

Gildistími bráðabirgðaöryggisstjórnunarskírteinis þessa er framlengdur til:

Dagsetning framlengingar:



.....

(undirskrift þar til bærs embættismanns sem gefur skjalið út)

(Merki eða stimpill útgáfufyrvalds,
eftir því sem við á)

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**99/EES/33/05****nr. 104/98
frá 30. október 1998****um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/98 frá 25. september 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 97/81/EB frá 15. desember 1997 um rammamninginn um hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að⁽²⁾ og tilskipun ráðsins 98/23/EB frá 7. apríl 1998 um útvíkkun á tilskipun 97/81/EB um rammamninginn um hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að, þannig að hún taki einnig til hins Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands⁽³⁾ skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 30. lið (tilskipun ráðsins 96/71/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„31. **397 L 0081**: Tilskipun ráðsins 97/81/EB frá 15. desember 1997 um rammamninginn um hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að (Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 9), eins og henni var breytt með:

- **398 L 0023**: Tilskipun ráðsins 98/23/EB frá 7. apríl 1998 (Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 10).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 97/81/EB og tilskipunar ráðsins 98/23/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. október 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 30. október 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

N.v. Liechtenstein

(¹) Stjtið. EB L 189, 22.7.1999, bls. 68 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 22.7.1999, bls. 167.

(²) Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 9.

(³) Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 10.

TILSKIPUN RÁÐSINS 97/81/EB

frá 15. desember 1997

um rammisamninginn um hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnuna, sem fylgir bókun nr. 14 um félagsmálastefnuna, sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með vísan til bókunarinnar um félagsmálastefnuna, sem fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, hafa aðildarríkin, að hinu Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands undanskildu, (hér á eftir nefnd „aðildarríkin“), sem vilja halda áfram á þeirri braut sem var mörkuð með félagsmálasáttmálanum frá 1989, gert með sér samning um félagsmálastefnuna.
- 2) Aðilar vinnumarkaðarins geta, með skírskotun til 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, sameiginlega óskað eftir að samningar sem eru gerðir á vettvangi bandalagsins komi til framkvæmda með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.
- 3) Í 7. lið stofnskrár bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er meðal annars kveðið á um að „stofnun hins innri markaðar skuli leiða til bættra lífskjara og vinnuskilyrða í Evrópubandalaginu. Þessu markmiði skuli náð með því að samræma þessi skilyrði innbyrðis jafnóðum og umbótunum er haldið áfram, einkum að því er varðar (. . .) annars konar ráðningu en ótímabundna ráðningu, til dæmis tímabundna ráðningu, hlutastörf, afleysingarstörf og árstíðabundin störf.
- 4) Ráðið hefur hvorki tekið ákvörðun um tillögu að tilskipun um tiltekin ráðningarkjör með tilliti til röskunar á samkeppni ⁽¹⁾, eins og henni var breytt ⁽²⁾, né um tillögu að tilskipun um tiltekin ráðningarkjör með tilliti til vinnuskilyrða ⁽³⁾.
- 5) Í ályktunum leiðtogaráðsins sem kom saman í Essen var lögð á það áhersla að gerðar yrðu ráðstafanir til að efla atvinnu og stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna og hvatt til þess að gerðar yrðu ráðstafanir til að vöxtur geti stuðlað að fleiri atvinnutækifærum, einkum með sveigjanlegri vinnutilhöggun, þannig að bæði sé tekið tillit til óska starfsmanna og til samkeppnisskilyrða.
- 6) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um hvert skuli stefnt með aðgerðum bandalagsins með tilliti til sveigjanlegs vinnutíma og atvinnuöryggis.
- 7) Að höfðu slíku samráði aðhyllist framkvæmdastjórnin þá skoðun að æskilegt sé að grípa til bandalagsaðgerðar og hefur í framhaldi af því haft frekara samráð við aðila vinnumarkaðarins um inntak fyrirhugaðrar tillögu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. umrædds samnings.
- 8) Hin almennu þverfaglegu samtök, þ.e. samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE), Evrópusamtök fyrirtækja með opinbera eignaraðild (CEEP) og Evrópusamtök verkálýðsfélaga (ETUC) hafa með sameiginlegu bréfi sínu til framkvæmdastjórnarinnar, dagsettu 19. júní 1996, óskað eftir því að málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 4. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, verði hafin. Þeir fóru fram á það við framkvæmdastjórnina, í sameiginlegu bréfi sem er dagsett 12. mars 1997, að þeir fengju þriggja mánaða frest til viðbótar og varð framkvæmdastjórnin við þeirri beiðni.
- 9) Áðurnefnd þverfagleg samtök gerðu með sér rammisamning um hlutastörf 6. júní 1997. Þau hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina sameiginlega beiðni sína um að þessi rammisamningur komi til framkvæmda með ákvörðun sem ráðið tekur að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagsmálastefnuna.
- 10) Ráðið hefur í ályktun sinni frá 6. desember 1994, um framtíðarhorfur félagsmálastefnu Evrópusambandsins: Framlag til efnahagslegrar og félagslegrar samleitni í sambandinu ⁽⁴⁾, farið þess á leit við aðila vinnumarkaðarins

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 9, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/98 frá 30. október 1998 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 224, 8. 9. 1990, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 305, 5. 12. 1990, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 224, 8. 9. 1990, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 368, 23. 12. 1994, bls. 6.

að þeir nýti sér þau tækifæri sem þeir hafa til að gera samninga þar eð þeir standa að jafnaði nær félagslegum veruleika og átta sig betur á félagslegum vandamálum.

- 11) Undirritunaraðilarnir óskuðu eftir að gera rammasamning um hlutastörf þar sem settar eru fram meginreglur og lágmarkskröfur um hlutastörf. Þeir hafa látið í ljós vilja sinn til að setja almennan ramma í því skyni að uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastarfi og til að auka möguleikana á hlutastörfum á forsendum sem bæði vinnuveitendur og launþegar geta sett sig við.
- 12) Aðilar vinnumarkaðarins vildu einkum gefa gaum að hlutastörfum, en hafa einnig gefið til kynna að þeir muni íhuga hvort þörf er á svipuðum samningi vegna annars konar sveigjanleika í starfi.
- 13) Í niðurstöðum leiðtogaráðsins, sem kom saman í Amsterdam, kemur fram að leiðtogar ríkja og ríkisstjórna í Evrópusambandinu fagna þeim samningi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert um hlutastörf.
- 14) Rétti gjörningurinn til framkvæmdar þessum rammasamningi er tilskipun í skilningi 189. gr. sáttmálans. Hún er bindandi fyrir aðildarríkin hvað varðar þau markmið sem eiga að nást, en lætur þeim útfærslu þeirra eftir.
- 15) Ljóst er, í samræmi við dreifræðisregluna og hlutfallsregluna sem mælt er fyrir um í 3. gr. b í sáttmálanum, að aðildarríkin geta ekki náð markmiðum þessarar tilskipunar með viðhlítandi hætti og því nást þau betur á vettvangi bandalagsins. Þessi tilskipun gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.
- 16) Með tilliti til þeirra hugtaka sem eru notuð í rammasamningnum, en eru ekki skilgreind sérstaklega, er aðildarríkjnum frjálst að skilgreina slík hugtök í samræmi við landslög og venjur, eins og gert er í öðrum tilskipunum um félagsmálastefnuna þar sem notuð eru svipuð hugtök, að því tilskildu að skilgreiningarnar samrýmist efnisákvæðum rammasamningsins.
- 17) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við orðsendingu sína frá 14. desember 1993 um framkvæmd bókunarinnar (nr. 14) um félagsmálastefnuna og orðsendingu sína frá 18. september 1996 um framvindu félagsmálaumræðunnar á vettvangi bandalagsins, samið drög að tillögum að tilskipun þar sem tekið er tillit til stöðu undirritunaraðilanna og lögmætis ákvæða rammasamningsins.
- 18) Framkvæmdastjórnin hefur samið drög að tillögu að tilskipun, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, þar sem kveðið er á um að í tilskipunum um atvinnu- og félagsmál „skuli forðast að setja efnahagsleg eða lagaleg höft eða höft á sviði stjórnsýslu sem gætu hamlað vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja og komið í veg fyrir stofnun þeirra.“
- 19) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við orðsendingu sína frá 14. desember 1993 um framkvæmd bókunarinnar (nr. 14) um félagsmálastefnuna, gert Evrópuþinginu viðvart með því að senda því tillögu að tilskipun sem inniheldur rammasamninginn.
- 20) Framkvæmdastjórnin hefur jafnframt gert efnahags- og félagsmálanefndinni viðvart.
- 21) Í ákvæði 6.1 í rammasamningnum er kveðið á um að aðildarríkjnum og/eða aðilum vinnumarkaðarins sé heimilt að halda hagstæðari ákvæðum eða lögleiða þau.
- 22) Í ákvæði 6.2 í rammasamningnum er kveðið á um að með framkvæmd þessarar tilskipunar megi ekki réttlæta afturför miðað við ríkjandi ástand í hverju aðildarríki.
- 23) Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er viðurkennt mikilvægi þess að barist sé gegn hvers kyns mismunun, einkum þeirri sem byggist á kynferði, litarhætti, kynþætti, skoðunum eða trúarbrögðum.
- 24) Í 2. mgr. greinar F í sáttmálanum um Evrópusambandið segir: „Sambandið skal virða grundvallarréttindi sem tryggð eru með Evrópusáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, svo og þau er leiðir af sameiginlegum stjórnarskrárhefðum aðildarríkjanna sem væru þau reglur í lögum bandalagsins“.
- 25) Aðildarríkin geta falið aðilum vinnumarkaðarins, enda hafi þeir farið sameiginlega fram á það, að koma þessari tilskipun í framkvæmd, að því tilskildu að aðildarríkin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir svo að þau geti ætíð tryggt framkvæmd þeirra ákvæða sem eru sett með þessari tilskipun.
- 26) Framkvæmd rammasamningsins stuðlar að því að markmiðum 1. gr. samningsins um félagsmálastefnuna verði náð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmiðið með þessari tilskipun er framkvæmd rammasamningsins um hlutastörf sem var gerður 6. júní 1997 milli almennu þverfaglegu samtakanna (UNICE, CEEP og ETUC) og fylgir hann með sem viðauki.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. janúar 2000 eða sjá til þess að aðilar vinnumarkaðarins hafi í síðasta lagi þann dag tekið upp þessi ákvæði með samningi, enda ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo að þau geti ætíð tryggt framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin geta fengið allt að því eins árs viðbótarfrest ef þörf krefur vegna sérstakra örðugleika eða vegna framkvæmdar með gerð kjarasamninga.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar aðstæður án tafar.

Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin setja reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau hafa samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

SAMTÖK EVRÓPSKRA IÐN- OG ATVINNUREKENDA

EVRÓPUSAMBAND VERKALÝÐSFÉLAGA

EVRÓPUSAMTÖK FYRIR TÆKJA MEÐ OPINBERRI EIGNARAÐILD

RAMMASAMNINGUR UM HLUTASTÖRF**Inngangsorð**

Meðfylgjandi rammisamningur er framlag til heildarskipulags atvinnamála í Evrópu. Hlutastörf hafa haft veruleg áhrif á atvinnumál undanfarið ár. Af þeim sökum hafa aðilar að þessum samningi einkum gefið gaum að slíkum störfum. Aðilarnir munu meta hvort þörf er á svipuðum samningi vegna annars konar sveigjanleika í starfi.

Með samningi þessum er viðurkennt að aðstæður í aðildarríkjunum eru misjafnar og að hlutastörf eru ákveðinn þáttur á vissum sviðum innan tiltekinnar starfsemi og enn fremur eru í samningi þessum settar fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða hlutastörf. Í samningnum kemur fram vilji aðila vinnumarkaðarins til að setja almennan ramma í því skyni að uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastarfi og til að auka möguleikana á hlutastörfum á forsendum sem eru viðunandi bæði fyrir vinnuveitendur og launþega.

Samningur þessi varðar ráðningarkjör launþega í hlutastarfi og jafnframt er viðurkennt að aðildarríkin taka ákvarðanir um málefni er varða félagslegt öryggi sem er tryggt með lögum. Með skirskotun til jafnræðisreglunnar hafa aðilar að samningi þessum veitt athygli yfirlýsingunni um atvinnumál sem gefin var á fundi leiðtoga ráðsins í Dyflinni í desember árið 1996, þar sem meðal annars er lögð áhersla á nauðsyn þess að gera almannatryggingakerfi hagstæðari með tilliti til atvinnamála með því að „byggja upp kerfi félagslegrar verndar sem hægt er að aðlaga nýju starfsfyrirkomulagi og veitir þeim sem vinna slík störf viðhlítandi vernd.“ Aðilar að samningi þessum telja að þessari yfirlýsingu eigi að hrinda í framkvæmd.

ETUC, UNICE og CEEP fara fram á það við framkvæmdastjórnina að hún leggi þennan rammisamning fyrir ráðið, svo að það geti með ákvörðun gert þessi ákvæði bindandi í þeim aðildarríkjum sem eru aðilar að samningnum um félagsmálastefnuna, sem fylgir bókun (nr. 14) um félagsmálastefnuna, sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Aðilar að þessum samningi fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að í tillögu sinni um framkvæmd þessa samnings fari hún fram á að aðildarríkin samþykki lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem nauðsynleg eru til að fara að ákvörðun ráðsins, innan tveggja ára frá því að hún er samþykkt eða sjái til þess ⁽¹⁾ að aðilar vinnumarkaðarins geri nauðsynlegar ráðstafanir í formi samnings eigi síðar en við lok þessa tímabils. Aðildarríkin geta, ef þörf krefur vegna sérstakra örðugleika eða framkvæmdar með kjarasamningi, fengið allt að því eins árs viðbótarfrest til að fara að þessu ákvæði.

Með fyrirvara um hlutverk innlendra dómstóla og Evrópudómstólsins fara aðilar að þessum samningi fram á það að framkvæmdastjórnin vísi á fyrsta stigi öllum málum er varða túlkun þessa samnings á evrópskum vettvangi til þeirra til umsagnar.

Almennar forsendur

1. Með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnuna, sem fylgir bókun (nr. 14) um félagsmálastefnuna, sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:
2. Í 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagsmálastefnuna er kveðið á um að samningar, sem eru gerðir á vettvangi bandalagsins, geti komið til framkvæmda með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, enda fari undirritunaraðilarnir sameiginlega fram á það.

⁽¹⁾ Í skilningi 4. mgr. 2. gr. samningsins um félagsmálastefnu stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

3. Í öðru umsagnarskjali sínu um sveigjanlegan vinnutíma og öryggi launþega lýsti framkvæmdastjórnin því yfir að hún hygðist leggja fram tillögu um lögformlega bindandi ráðstöfun í bandalaginu.
4. Í ályktunum leiðtoga ráðsins sem kom saman í Essen var lögð áhersla á nauðsyn þess að gera ráðstafanir til að efla atvinnu og stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna og hvatt til þess að gerðar yrðu ráðstafanir sem miða að því að vöxtur stuðli að fleiri atvinnutækifærum, einkum með sveigjanlegri vinnutilhögun, þannig að bæði sé tekið tillit til óska launþega og til samkeppnisskilyrða.
5. Aðilar að samningi þessum leggja áherslu á ráðstafanir er veita körlum og konum greiðari aðgang að hlutastörfum í því skyni að undirbúa starfslok, samræma atvinnu og heimilislíf og nýta möguleika til menntunar í því augnamiði að auka faghæfni og stuðla að starfsframa til hagsbóta fyrir vinnuveitendur jafnt sem launþega og með þeim hætti að jafnframt sé stuðlað að vexti fyrirtækja.
6. Samningur þessi lætur aðildarríkjunum og aðilum vinnumarkaðarins það eftir að koma á fyrirkomulagi um beitingu þessara meginreglna, lágmarkskrafna og ákvæða svo að taka megí tillit til aðstæðna í hverju aðildarríki.
7. Í samningi þessum er tekið mið af því að nauðsynlegt er að endurbæta ákvæði félagsmálalæstefnunnar, efla samkeppnishæfni atvinnulífs í bandalaginu og forðast efnahagsleg eða lagaleg höft eða höft á sviði stjórnábylgju sem gætu hamlað vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja og komið í veg fyrir stofnun þeirra.
8. Aðilar vinnumarkaðarins eru best til þess fallnir að finna lausnir sem taka bæði mið af þörfum vinnuveitenda og launþega og skal því fela þeim sérstakt hlutverk við framkvæmd og beitingu þessa samnings.

HAFU UNDIRRITUNARAÐILARNIR KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

1. ákvæði: **Markmið**

Markmiðið með þessum rammamningi er:

- a) að skapa grundvöll til að uppræta mismunun gagnvart launþegum í hlutastarfi og stuðla að auknum gæðum hlutastarfa;
- b) að greiða fyrir þróun hlutastarfa að frjálsum vali launþega og sveigjanlegri tilhögun vinnutíma, þannig að bæði sé tekið tillit til þarfa vinnuveitenda og launþega.

2. ákvæði: **Gildissvið**

1. Samningur þessi gildir um alla launþega í hlutastarfi sem hafa ráðningarsamning eða ef ráðningarskilmálar þeirra falla undir skilgreiningu laga eða kjarasamninga eða venjur í hverju aðildarríki um sig.
2. Aðildarríkjunum er heimilt, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venjur, og/eða aðilum vinnumarkaðarins á viðeigandi vettvangi og í samræmi við venjur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í hverju ríki, að undanskilja, af hlutlægum orsökum, að öllu leyti eða að hluta til frá skilmálum þessa samnings þá launþega sem eru lausráðnir í hlutastörf. Slíkar undantekningar ber að endurskoða reglulega til að ganga úr skugga um að hlutlægu orsakirnar sem liggja þeim til grundvallar séu enn í gildi.

3. ákvæði: **Skilgreiningar**

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Launþegi í hlutastarfi“ er starfsmaður sem á vikugrunni, eða að meðaltali á ráðningartímabili sem er allt að því eitt ár, vinnur færri vinnustundir en sambærilegur launþegi í fullu starfi.

2. „Sambærilegur launþegi í fullu starfi“ er launþegi í fullu starfi hjá sama fyrirtæki sem hefur samskonar ráðningarsamning eða ráðningarskilmála, vinnur sambærilegt, samskonar eða áþekkt starf, að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra atriða, svo sem starfsaldurs, menntunar og færni.

Ef enginn sambærilegur launþegi er í fullu starfi hjá sama fyrirtæki skal samanburðurinn gerður með því að vísa til viðeigandi kjarasamnings eða, ef ekki er um gildandi kjarasamning að ræða, í samræmi við innlend lög, kjarasamninga eða venjur.

4. ákvæði: **Jafnræðisreglan**

1. Að því er varðar starfsskilyrði skulu launþegar í hlutastarfi ekki búa við lakari kjör en launþegar í sambærilegu fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru í hlutastarfi, nema mismunandi kjör séu réttlæt看anleg af hlutlægum orsökum.
2. Meginreglan um hlutfallstíma *pro rata temporis* skal gilda eftir því sem við á.
3. Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins skulu skilgreina fyrirkomulagið á beitingu þessa ákvæðis með hliðsjón af Evrópurétti, landslögum, kjarasamningum og venjum.
4. Ef slíkt er réttlæt看anlegt af hlutlægum orsökum er aðildarríkjunum, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venjur og/eða aðilum vinnumarkaðarins, eftir atvikum, heimilt að miða tiltekin starfsskilyrði við starfsaldur, vinnutíma og launakjör. Viðmiðanir vegna sérstakra starfsskilyrða launþega í hlutastarfi ætti að endurskoða reglulega með tilliti til jafnræðisreglunnar, sbr. ákvæði 4.1.

5. ákvæði: **Möguleikar á hlutastörfum**

1. Með skírskotun til 1. liðar þessa samnings og til reglunnar um jafnræði launþega í hlutastarfi og launþega í fullu starfi:
 - a) ættu aðildarríkin, að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins í samræmi við landslög eða venjur, að skilgreina og endurskoða lagalegar hindranir eða hindranir á sviði stjórnsýslu sem kunna að takmarka möguleikana á hlutastörfum og útrýma slíkum hindrunum, ef við á.
 - b) ættu aðilar vinnumarkaðarins, eftir því sem þeir eru bærir til og samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gerð er grein fyrir í kjarasamningum, að skilgreina og endurskoða hindranir sem kunna að takmarka möguleikana á hlutastörfum og útrýma slíkum hindrunum, ef við á.
2. Neiti launþegi að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt telst það ekki eitt og sér gild ástæða til uppsagnar, með fyrirvara um starfslok í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venjur af öðrum ástæðum sem ráðast af rekstraraðstæðum viðkomandi fyrirtækis.
3. Vinnuveitendur ættu eftir föngum að gefa gaum að:
 - a) óskum launþega um flutning úr fullu starfi í hlutastarf sem er í boði hjá fyrirtækinu;
 - b) óskum launþega um flutning úr hlutastarfi í fullt starf eða umsóknum um lengri vinnutíma, skapist svigrúm til þess;
 - c) því að veita upplýsingar í tæka tíð um störf og hlutastörf sem losna í fyrirtækinu í því skyni að auðvelda flutning úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt.
 - d) ráðstöfunum til að auðvelda aðgang að hlutastörfum á öllum stígam fyrirtækisins, að meðtöldum sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum, og ef við á, að auðvelda launþegum í hlutastarfi að afla sér starfsmenntunar í því skyni að stuðla að starfsframa og hreyfanleika í starfi;
 - e) því að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar í tæka tíð um hlutastörf í fyrirtækinu.

6. ákvæði: Framkvæmdarákvæði

1. Aðildarríkjum og/eða aðilum vinnumarkaðarins er heimilt að halda ákvæðum eða taka upp ákvæði sem eru hagstæðari en ákvæði þessa samnings.
2. Framkvæmd ákvæða þessa samnings skal ekki teljast lögmæt ástæða til að draga úr almennri vernd sem launþegar njóta á því sviði sem þessi samningur tekur til. Þetta hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna og/eða aðila vinnumarkaðarins til að móta annars konar laga-, stjórnslu- eða samningsákvæði, með tilliti til breyttra aðstæðna, og hefur ekki áhrif á beitingu liðar 5.1, svo framarlega sem farið er að jafnræðisreglunni, sbr. lið 4.1.
3. Samningur þessi hefur ekki áhrif á rétt aðila vinnumarkaðarins til að gera samninga á viðeigandi vettvangi, einnig evrópskum, sem miðast við ákvæði samnings þessa og/eða eru til viðbótar við þau, með þeim hætti að tekið sé mið af sérþörfum hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins.
4. Þessi samningur skal vera með fyrirvara um sérákvæði bandalagsins, einkum ákvæði bandalagsins um að karlar og konur njóti jafnræðis og fái sömu tækifæri.
5. Komið skal í veg fyrir deilumál og ágreining sem rís af beitingu samnings þessa og um þau fjallað í samræmi við landslög, kjarasamninga og venjur.
6. Undirritunaraðilarnir skulu endurskoða samning þennan fimm árum eftir dagsetningu ákvörðunar ráðsins, fari einn aðila samningsins fram á það.

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/23/EB**frá 7. apríl 1998****um útvíkkun á tilskipun 97/81/EB um rammasamninginn um hlutastörf sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að, þannig að hún taki einnig til hins Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands(*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í samræmi við samninginn um félagsmálastefnuna, sem fylgir bókun (nr. 14) um félagsmálastefnuna, sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 4. gr., hefur ráðið samþykkt tilskipun 97/81/EB ⁽³⁾. Tilskipunin gildir þar af leiðandi ekki um hið Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Leiðtogaráðið, sem kom saman í Amsterdam 16. og 17. júní 1997, lýsti yfir ánægju sinni með samkomulag ríkjaráðstefnunnar um að fella samninginn um félagsmálastefnuna inn í stofnsáttmála Evrópubandalagsins og vakti athygli á að finna þyrfti leið til að sú ósk Breska konungsríkisins fengi réttaráhrif að þær tilskipanir verði viðurkenndar sem þegar hafa verið samþykktar á grundvelli þess samnings svo og þær sem kunna að verða samþykktar fyrir gildistöku nýja sáttmáls.

Á fundi í ráðinu 24. júlí 1997 samþykktu ráðið og framkvæmdastjórnin að hrinda í framkvæmd niðurstöðum þeim sem leiðtogaráðið samþykkti á fundinum í Amsterdam. Einnig var samþykkt að beita sömu málsmeðferð, að breyttu breytanda, við tilskipanir sem kunna að verða samþykktar á grundvelli samningsins um félagsmálastefnuna. Með þessari tilskipun er stefnt að þessu markmiði með því að rýmka tilskipun 97/81/EB þannig að hún taki einnig til Breska konungsríkisins.

Sú staðreynd að tilskipun 97/81/EB gildir ekki í hinu Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hefur bein áhrif á starfsemi innri markaðarins. Kæmi rammasamningurinn sem fylgir þeirri tilskipun til framkvæmda, einkum með tilliti til reglunnar um jafnræði launþega í hlutastarfi og launþega í fullu starfi í aðildarríkjunum, yrði það til bóta fyrir starfsemi innri markaðarins.

Tilskipun 97/81/EB öðlast gildi í Breska konungsríkinu þegar þessi tilskipun er samþykkt. Frá gildistöku þessarar tilskipunar skal orðið „aðildarríki“ í tilskipun 97/81/EB einnig taka til Breska konungsríkisins.

Rétt þykir að Breska konungsríkið fái sambærilegan tveggja ára frest og hin aðildarríkin til að samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun 97/81/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 97/81/EB skal gilda um hið Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, samanber þó 2. gr.

2. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 2. gr. tilskipunar 97/81/EB:

„1a. Að því er varðar hið Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands komi dagsetningin 7. apríl 2000 í stað dagsetningarinnar 20. janúar 2000 í 1. mgr.“

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 7. apríl 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

D. BLUNKETT

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 10, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/98 frá 30. október 1998 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Álitni var skilað 1. apríl 1998 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(2) Álitni var skilað 25. mars 1998 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(3) Stjtið. EB L 14, 20. 1. 1998, bls. 9.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**99/EES/33/06****nr. 105/98
frá 30. október 1998****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/98 frá 25. september 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 98/20/EB frá 30. mars 1998 um breytingu á tilskipun 92/14/EBE um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Aðlögunarliðirnir við tilskipun ráðsins 92/14/EBE⁽³⁾ falli niður í kjölfar aðildar Austurríkis að Evrópusambandinu.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 32d í XX. viðauka við samninginn:

„ **392 L 0014:** Tilskipun ráðsins 92/14/EB frá 2. mars 1998 um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988) (Stjtið. EB L 76, 23. 3. 1992, bls. 21), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 168, 23. 6. 1992, bls. 30, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0020:** Tilskipun ráðsins 98/20/EB frá 30. mars 1998 (Stjtið. EB L 107, 7.4.1998, bls. 4).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 98/20/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. október 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 30. október 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

N.v. Liechtenstein

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 189, 22.7.1999, bls. 70 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 22.7.1999, bls. 176.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 107, 7.4.1998, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 76, 23.3.1992, bls. 21.

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/20/EB

frá 30. mars 1998

um breytingu á tilskipun 92/14/EBE um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988)(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Meginmarkmiðið með ákvæðum tilskipunar 92/14/EBE ⁽⁴⁾ er að setja skorður við notkun tiltekinna gerða af þotum í almenningsflugi sem fljúga undir hljóðhraða.
- 2) Skilgreining á undirstöðuatriðum tilskipunarinnar ætti að taka af allan vafa um markmið og gildissvið tilskipunarinnar.
- 3) Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að einstök aðildarríki nýti sér viðeigandi ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins ⁽⁵⁾ í samræmi við skilyrðin sem sett eru þar.
- 4) Vegna hinnar óvenjulegu forsögu flugvallanna sem þjóna Berlínarsvæðinu og vegna staðsetningar flugvallanna Berlin Tegel og Berlin Tempelhof í námunda við miðborgina er réttlætjanlegt að veita tímabundna undanþágu frá beitingu tiltekinna ákvæða tilskipunar 92/14/EBE fyrir þessa tvo flugvelli.

- 5) Nauðsynlegt er að virða upprunalegan tilgang með undanþágunni fyrir flugvélar sem eru á skrá í þróunarlöndum. Því ber að gera viðeigandi ákvæði umræddrar tilskipunar skýrari í þessu skyni.
- 6) Undanþága, sem veitt er fyrir flugvél frá þróunarlandi, ætti eingöngu að nýttast því landi.
- 7) Nauðsynlegt er að skýra gildissvið undanþagna sem veittar eru af efnahagsástæðum.
- 8) Taka þarf skýrt fram að aðildarríki getur aðeins gert tímaáætlun um að taka flugvélar, sem uppfylla ekki staðla, smám saman af skrá ef um er að ræða flugvélar sem eru á skrá í því aðildarríki.
- 9) Nokkur aðildarríki hafa gert samninga við flugfélög í þriðja landi sem fá þar með svipaða undanþágu og flugfélög í bandalaginu frá því að taka flugvélar samkvæmt 2. kafla smám saman úr notkun. Heppilegt er að þessum samningum verði ekki rift.
- 10) Brýnt er að uppfæra og breyta viðaukanum við tilskipun 92/14/EBE þegar ástæða er til. Því er rétt að reglugerðanefnd aðstoði framkvæmdastjórnina við að semja breytingatillögur.
- 11) Í 3. gr. tilskipunar 92/14/EBE er kveðið á um undanþágu fyrir flugvélar sem eru á skrá í þróunarlöndum og eru flugvélar með þess háttar undanþágu skráðar í viðaukanum við þá tilskipun.
- 12) Nauðsynlegt er að breyta viðaukanum við tilskipun 92/14/EBE til að bæta við tilteknum flugvélum sem uppfylla skilyrði fyrir undanþágu en voru ekki teknar með þegar sú tilskipun var samþykkt. Einnig er nauðsynlegt að fella af skrá tilteknar flugvélar sem hafa verið teknar úr notkun eða eyðilagðar eða uppfylla ekki lengur skilyrði fyrir undanþágu.
- 13) Brýnt er að koma í veg fyrir ranga notkun skráninga. Í viðaukanum við þessa tilskipun er tilgreind raðtala framleiðanda fyrir hverja flugvél.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 107, 7.4.1998, bls. 4, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/98 frá 30. október 1998 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 309, 18. 10. 1996, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 66, 3. 3. 1997, bls. 4.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. mars 1997 (Stjtið. EB C 115, 14. 4. 1997, bls. 24), sameiginleg afstaða ráðsins nr. 42/97 frá 9. október 1997 (OJ C 375, 10. 12. 1997, bls. 25) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. janúar 1998 (OJ C 34, 2. 2. 1998).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 76, 23. 3. 1992, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 240, 24. 8. 1992, bls. 8. Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

14) Mikilvægt er að sjá til þess að brot á lögum bandalagsins varði viðurlögum og að viðurlögin séu skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotið og hafi letjandi áhrif.

15) Austurríki ber, samkvæmt aðildarlögunum frá 1994, að fara að ákvæðum tilskipunar 92/14/EBE frá 1. apríl 2002.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar

Tilskipun 92/14/EBE er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi málsgrein bætist við 1. gr.:

„3. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„flugfélag“: fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt flugrekstrarleyfi;

„flugrekstrarleyfi“: leyfi sem veitt er fyrirtæki og heimilar því flutninga í lofti á farþegum, pósti og/eða farmi gegn greiðslu og/eða leigugjaldi;

„flugfélag í bandalaginu“: flugfélag sem hefur gilt flugrekstrarleyfi sem gefið er út af einu aðildarríkjanna í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum(*);

„allar þotur í almenningsflugi sem fljúga undir hljóðhraða“: allar þotur í almenningsflugi sem fljúga undir hljóðhraða og flugfélagið hefur til ráðstöfunar, annaðhvort í krafti eignarhalds eða hvers konar leigusamnings sem gildir í ár hið minnsta.

(*) Stjttíð. EB L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.“;

2. eftirfarandi málsgrein bætist við 2. gr.:

„4. Allt til þess dags, sem um getur í 2. mgr., má takmarka eða útiloka rekstur þotna í almenningsflugi, sem fljúga undir hljóðhraða og uppfylla ekki ákvæði a-liðar 1. mgr., á flugvöllunum Berlin Tegel og Berlin Tempelhof.“;

3. í stað b-liðar 3. gr. komi eftirfarandi:

„b) þessar flugvélar voru á loftfaraskrá á viðmiðunarárinu í því þróunarlandi sem skráð er fyrir viðkomandi flugvél í viðaukanum og eru enn í notkun, annaðhvort beint eða samkvæmt hvers konar leigusamningi einstaklinga eða lögpersóna með staðfestu í viðkomandi landi.“;

4. eftirfarandi undirgrein bætist við 3. gr.:

„Undanþágan, sem um getur í síðustu undirgrein, gildir ekki ef flugvélin er leigð einstaklingi eða lögpersónu með staðfestu í öðru landi en skráð er fyrir flugvélinni í viðaukanum.“;

5. í 4. gr., c- og d-lið 5. gr. og 6. gr. komi orðið „airline“ í stað „air carrier“ í enska textanum (breytingin er óviðkomandi íslenska textanum);

6. í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka afskráningu flugvéla, sem uppfylla ekki staðlana í 3. kafla 16. viðauka, við allt að 10% árlega af öllum þotum flugfélags í bandalaginu sem eru í almenningsflugi og fljúga undir hljóðhraða.

2. Aðildarríkin skulu ekki beita 1. mgr. 2. gr. ef um er að ræða flugvélar sem eru enn á skrá aðildarríkis í samræmi við 1. mgr.

3. Ef aðildarríki hefur veitt undanþágu, áður en þessi tilskipun gengur í gildi, sem svarar til undanþágunnar sem lýst er í 1. og 2. mgr., fyrir flugvélar á skrá í þriðja landi sem eru í notkun í því aðildarríki getur undanþágan gilt áfram, að því tilskildu að flugfélagið uppfylli sett skilyrði.“;

7. eftirfarandi greinar bætist við:

„9. gr. a

Breytingar á viðaukanum, sem kunna að reynast nauðsynlegar til að tryggja fullt samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru í 3. gr, skulu gerðar í samræmi við málsmæðferðina sem um getur 2. mgr. 9. gr. b.

9. gr. b

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumæðferð á sviði flugmála(*), enda starfi nefndin í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

(*) Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2176/96 (Stjtið. EB L 291, 14.11.1996, bls. 15).“;

8. í stað viðaukans komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja viðurlög við brotum á innlendum ákvæðum, sem samþykkt eru í samræmi við þessa tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessum viðurlögum verði beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotin og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi ákvæði eigi síðar en 1. mars 1999 og tilkynna henni um allar seinni breytingar án tafar.

3. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. mars 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Í samræmi við 168. gr. aðildarlaganna frá 1994 og XIX. viðauka (III) við þau skal Austurríki samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 1. apríl 2002.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. mars 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

LORD SIMON of HIGHBURY

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

SKRÁ YFIR UNÐANÞEGNAR FLUGVÉLAR SAMKVÆMT 3. GR.

Ath.: Veittar eru undanþágur fyrir flugvélar, sem skráðar eru í þessum viðauka, innan þess almenna ramma sem markast af stefnu og ákvörðunum Sameinuðu þjóðanna (svo sem refsiaðgerðum, viðskiptabanni o.s.frv.).

ALSÍR

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
20955	B727-2D6	7T-VEH	Air Algérie
21053	B727-2D6	7T-VEI	Air Algérie
21210	B727-2D6	7T-VEM	Air Algérie
21284	B727-2D6	7T-VEP	Air Algérie
20884	B737-2D6	7T-VEG	Air Algérie
21063	B737-2D6	7T-VEJ	Air Algérie
21064	B737-2D6	7T-VEK	Air Algérie
21065	B737-2D6	7T-VEL	Air Algérie
21211	B737-2D6	7T-VEN	Air Algérie
20650	B737-2D6	7T-VED	Air Algérie
21285	B737-2D6	7T-VEQ	Air Algérie

ALÞÝÐULÝÐVELDIÐ KONGÓ

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
20200	B707-329C	9Q-CBW	Scibe Airlift

DÓMINÍSKA LÝÐVELDIÐ

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
19767	B707-399C	HI-422CT	Dominicana de Aviación

EGYPTALAND

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
19843	B707-336C	SU-PBA	Air Memphis
19916	B707-328C	SU-PBB	Air Memphis
21194	B737-266	SU-AYK	Egypt Air
21195	B737-266	SU-AYL	Egypt Air
21227	B737-266	SU-AYO	Egypt Air

ÍRAK

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
20889	B707-370C	YI-AGE	Iraqi Airways
20892	B707-270C	YI-AGH	Iraqi Airways
20893	B707-270C	YI-AGI	Iraqi Airways

LÍBANON

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
20259	B707-3B4C	OD-AFD	MEA
20260	B707-3B4C	OD-AFE	MEA
19967	B707-347C	OD-AGV	MEA
19589	B707-323C	OD-AHC	MEA
19515	B707-323C	OD-AHD	MEA
20170	B707-323B	OD-AHF	MEA
19516	B707-323C	OD-AHE	MEA
19104	B707-327C	OD-AGX	TMA
19105	B707-327C	OD-AGY	TMA
18939	B707-323C	OD-AGD	TMA
19214	B707-331C	OD-AGS	TMA
19269	B707-321C	OD-AGO	TMA
19274	B707-321C	OD-AGP	TMA

LÍBERÍA

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
45683	DC8F-55	EL-AJO	Liberia World Airlines
45686	DC8F-55	EL-AJQ	Liberia World Airlines

LÍBÝA

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
20245	B727-224	5A-DAI	Libyan Arab Airlines
21051	B727-2L5	5A-DIB	Libyan Arab Airlines
21052	B727-2L5	5A-DIC	Libyan Arab Airlines
21229	B727-2L5	5A-DID	Libyan Arab Airlines
21230	B727-2L5	5A-DIE	Libyan Arab Airlines

MÁRITANÍA

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
11093	F28-4000	5T-CLG	Air Mauritanie

MAROKKÓ

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
20471	B727-2B6	CN-CCG	Royal Air Maroc
21214	B737-2B6	CN-RMI	Royal Air Maroc
21215	B737-2B6	CN-RMJ	Royal Air Maroc
21216	B737-2B6	CN-RMK	Royal Air Maroc

NÍGERÍA

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
18809	B707-338C	5N-ARQ	DAS Air Cargo
19664	B707-355C	5N-VRG	Air Tours

PAKISTAN

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
20488	B707-340C	AP-AXG	PIA

SÁDI-ARABÍA

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
20574	B737-268C	HZ-AGA	Saudia
20575	B737-268C	HZ-AGB	Saudia
20576	B737-268	HZ-AGC	Saudia
20577	B737-268	HZ-AGD	Saudia
20578	B737-268	HZ-AGE	Saudia
20882	B737-268	HZ-AGF	Saudia
20883	B737-268	HZ-AGG	Saudia

SVASÍLAND

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
45802	DC8F-54	3D-AFR	African International Airways
46012	DC8F-54	3D-ADV	African International Airways

TÚNIS

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
20545	B727-2H3	TS-JHN	Tunis Air
20948	B727-2H3	TS-JHQ	Tunis Air
21179	B727-2H3	TS-JHR	Tunis Air
21235	B727-2H3	TS-JHT	Tunis Air

ÚGANDA

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
19821	B707-379C	5X-JEF	Dairo Air Service

SIMBABVE

<i>Raðtala</i>	<i>Gerð</i>	<i>Skráning</i>	<i>Flugfélag</i>
18930	B707-330B	Z-WKU	Air Zimbabwe
45821	DC8F-55	Z-WMJ	Affretair“

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1601 – AlliedSignal/Honeywell)

99/EES/33/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. júlí 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem fyrirtækið AlliedSignal Inc. sameinast að öllu leyti Honeywell Inc. í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AlliedSignal Inc.: vörur á sviði flugiðnaðar, ihlutir í bifreiðir, fjölliður, sérhæfð kemísk efni og rafeindavörur,
 - Honeywell Inc.: eftirlitsbúnaður fyrir heimili og byggingar, til notkunar í iðnaði, sem og geim- og flugiðnaði.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 215, 28.7.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1601 –AlliedSignal/Honeywell, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1631 – Suez Lyonnaise/Nalco)****99/EES/33/08**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. júlí 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem Suez Lyonnaise des Eaux öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Nalco Chemical Co. með yfirtökubóði.
2. Þessi tilkynning var lýst ófullnægjandi 19. júlí 1999. Viðkomandi fyrirtæki hafa nú lagt fram tilskildar viðbótarupplýsingar. Tilkynningin varð fullnægjandi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þann 20. júlí 1999. Þar með öðlaðist hún gildi 20. júlí 1999.
3. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Suez Lyonnaise des Eaux: starfar einkum á sviði vatns- og orkumála, úrgangseftirlits og á sviði samskipta,
 - Nalco Chemical Co.: starfar einkum á sviði vatnhreinsunar.
4. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
5. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 215, 28.7.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1631 – Suez Lyonnaise/Nalco, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1449 – Sabena/Snecma)****99/EES/33/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað 29.4.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1449. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1496 – Olivetti/Telecom Italia)****99/EES/33/10**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22.4.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ítölsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CIT“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1496. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1516 – Thomson-CSF/Eurocopter)****99/EES/33/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 10.6.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1516. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1569 – Gränges/Norsk Hydro)****99/EES/33/12**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5.7.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1569. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1539 – CVC/Danone/Gerresheimer)****99/EES/33/13**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5.7.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánæg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánæg:

- í pappírsgáfum á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1539. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1629 – Knorr Bremse/Mannesmann)****99/EES/33/14**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. júlí 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem fyrirtækin Knorr-Bremse Systeme für Schienenfahrzeuge GmbH (Knorr-Bremse), sem heyrir undir samstæðuna Knorr-Bremse, og Rexroth Meeman GmbH (Rexroth), sem er undir yfirráðum Mannesmann-samstæðunnar, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni Knorr-Bremse-MRP Systeme für Schienenfahrzeuge GmbH & Co. KG (K-B MRP).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Knorr-Bremse: rafknúin loft- og vökvahemlakerfi í dráttarvélar, varahlutir og búnaður í dráttarvélar og fastir neyðarhemlar,
 - Rexroth: vökvahemlakerfi og hemlaíhlutar,
 - K-B MRP: lofthemlakerfi og hemlaíhlutar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 211, 23.7.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1629 – Knorr Bremse/Mannesmann, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1637 – DB Investment/SPP/Öhman)****99/EES/33/15**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem fyrirtækin DB Investments (AXM) Limited (DBI), dótturfyrirtæki að öllu leyti í eigu Deutsche Bank, Försäkringsbolaget SPP, omsesidigt (SPP) og Öhman Real Estate Fund No. 1 AB (Öhman), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækjunum Fastighetsaktiebolaget Backlunda (Backlunda) og Fastighetsaktiebolaget Minos (Minos), sem nú er í eigu Postens Pensionsstiftelse 1996.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Deutsche Bank: alhliða þjónustubanki,
 - DBI: sérstök fjárfestingarstofnun, sem annast tilkynnt viðskipti, að öllu leyti í eigu Deutsche Bank,
 - SPP: lífeyristryggingar,
 - Öhman: sérhæft fjárfestingarfyrirtæki, stofnsett til að annast langtímafjárfestingar í fasteignum, og dótturfyrirtæki E Öhman Jr.or Fondkommission AB sem er sænskt verðbréfafyrirtæki (verðbréfamíðlari).
 - Backlunda og Minos: eignarhald, viðhald og rekstur fasteigna, einkum fyrir Sweden Post Group á ýmsum sviðum um alla Svíþjóð.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 211, 23.7.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1637 –DB Investment/SPP/Öhman, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1527 – Otto Versand/Freemans)****99/EES/33/16**

Framkvæmdastjórnin ákvað 16.6.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1527. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Ríkisaðstoð
Mál nr. C 14/99 (áður NN 1/99)
Frakkland****99/EES/33/17**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. (áður 2. mgr. 93. gr.) EB-sáttmálans vegna stuðnings við TASQ SA (sjá nánari útlíðun í Stjtið. EB C 194 frá 10.7.1999).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate H
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Brussels

Bréfasími: (+32 2) 296 95 80

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Frakkland.

99/EES/33/18

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 18/99 (áður NN 16/99)
Þýskaland

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. (áður 2. mgr. 93. gr.) EB-sáttmálans vegna aðstoðar frá THA/BvS í þágu UCB Chemie GmbH, Linde AG, Saxlandi-Anhalt (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB C 194 frá 10.7.1999).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate H
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Brussels

Bréfasími: (+32 2) 299 27 58

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

99/EES/33/19

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 22/99 (áður NN 117/98)
Spánn

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. (áður 2. mgr. 93. gr.) EB-sáttmálans vegna fyrirtækisins Ramondín SA (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB C 194 frá 10.7.1999).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate H
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Brussels

Bréfasími: (+32 2) 296 98 16

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spánn.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 2/97 (áður N 854/95)
Holland

99/EES/33/20

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. (áður 2. mgr. 93. gr.) EB-sáttmálans vegna tímabundins styrktarkerfis í tengslum við stofnsetningar- og undirbúningskostnað samsettra flutninga (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB C 194 frá 10.7.1999).

Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins
nr. 17⁽¹⁾ varðandi beiðni um endurnýjun á ákvörðun
framkvæmdastjórnarinnar frá 12. júlí 1989 um að veita
undanþágu samkvæmt 3. mgr. 81. gr. sáttmálans

99/EES/33/21**(Mál nr. IV/C.2/30.566 – UIP Cinema)**

Framkvæmdastjórninni var fyrst tilkynnt um samninga um stofnun United International Pictures BV (UIP) 11. febrúar 1982. Í ákvörðun frá 12. júlí 1989⁽²⁾ veitti framkvæmdastjórnin UIP undanþágu til fimm ára frá 27. júlí 1988 til 26. júlí 1993. Hinn 22. júní 1993 barst framkvæmdastjórninni beiðni um endurnýjun á undanþágunni fyrir samningana um að koma UIP á fót (sjá nánar í Stjtið. EB C 205, 20.7.1999).

Framkvæmdastjórnin áformar að taka jákvæða afstöðu gagnvart samningunum með fyrirvara um að samningsaðilar breyti samningunum og sjái til þess að viðkomandi fyrirtæki standi við skuldbindingar sínar. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar, með tilvísun til IV/C.2/30.566 – UIP Cinema, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
200, rue de la Loi
B-1049 Brussel
Bréfasími: (+32 2) 296 98 04

Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingar fyrirtækja frá
57. fundi hennar 23. október 1998 um fyrstu drög að ákvörðun um
mál nr. IV/M.1157 – Skanska/Scancem

99/EES/33/22

Framkvæmdastjórnin birti álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingar fyrirtækja frá 57. fundi hennar 23. október 1998 um fyrstu drög að ákvörðun um mál nr. IV/M.1157 – Skanska/Scancem í Stjtið. EB C 201, 16.7.1999.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 13, 21.2.1962, bls. 204.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 226, 3.8.1989, bls. 25.

Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfyllingar fyrirtækja frá 99/EES/33/23
59. fundi hennar 19. janúar 1999 um fyrstu drög að ákvörðun um
mál nr. IV/M.969 – A.P. Møller

Framkvæmdastjórnin birti álit ráðgjafarnefndarinnar um samfyllingar fyrirtækja frá 59. fundi hennar 19. janúar 1999 um fyrstu drög að ákvörðun um mál nr. IV/M.969 – A.P. Møller í Stjtið. EB C 201, 16.7.1999.

Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi 99/EES/33/24
ráðinu á tímabilinu 21.6. til 2.7.1999

Þessi skjöl fást hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna(*)

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM (1999) 310	CB-CO-99-318-EN-C ⁽¹⁾	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um hönnun bandalagsins	21.6.1999	21.6.1999	77
COM (1999) 313	CB-CO-99-316-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) um frjálsa aðild stofnana að umhverfismála- og vistúttektarkerfi bandalagsins (EMAS)	23.6.1999	23.6.1999	40
COM (1999) 276	CB-CO-99-281-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) um breytingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum	25.6.1999	25.6.1999	40
COM (1999) 306	CB-CO-99-307-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um aðlögun að tækniframförum á tilskipun 76/763/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi farþegasæti í landbúnaðar- dráttarvélum á hjólum	28.6.1999	28.6.1999	7
COM (1999) 317	CB-CO-99-322-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar – þróun sjóflutninga á stuttum vegalengdum í Evrópu – annar öflugur kostur fyrir sjálfbæra flutningskeðju – önnur tveggja ára skýrsla um framvindu mála	29.6.1999	29.6.1999	46
COM (1999) 339	CB-CO-99-336-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 79/112/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda	1.7.1999	1.7.1999	8

(*) Íslenska þýðingin á titlunum er til bráðabirgða.

(¹) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.